

62. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 07.03 2014, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson, Lárus Heiðarson og Þorvarður Ingimarsson. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita

2. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030

3. Samþykkt fyrir Byggingar-og skipulagsnefnd

4. Skólamál

- a) Skipulag skólastarfs á Hallormsstað /greinagerð starfshóps
- b) Fundargerð kynningarfundar 27.02

5. Tillögur að breytingum á samþykktum SSA

6. Félagsþjónusta

7. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

- a) Samþykktir
- b) Tilnefningar í stjórn

8. Óbyggðasafnið ehf , Steingrímur Karlsson

Drög að þjónustusamningi

9. Bréf

- a) Ívar Ingimarsson, Hafliði Hafliðason, Hilmar Gunnlaugsson dags. 06.02
- b) EBÍ Brunabót dags. 04.02
- c) Fljótsdalshérað dags. 06.02
- d) Ríkisendurskoðun dags. 30.01
- e) ÚÍA, tölvupóstur 25.02
- f) Vatnajökulspjóðgarður, þjóðgarðsvörður Austursvæðis 24.01

10. Fundargerðir

- a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 21.02 og 04.03
- b) Minjasafn Austurlands 07.02
- c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 11.02
- d) Aukaaðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 30.01
- e) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 23.01

11. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Sjálfbóðaliðasamtökin SEEDS leita eftir nýjum verkefnum og bjóða fram aðstoð sjálfbóðaliða.

Innheimtufyrirtækið Inkasso hefur áhuga á að koma á samstarfi um innheimtu í sveitarfélaginu.

Jafnréttisstofa hefur gefið út dagatal og vekur athygli á skyldum skólastofnana varðandi jafnréttisfræðslu.

UMFÍ auglýsir eftir sambandsaðilum UMFÍ til að taka að sér undirbúning og framkvæmd 6. Landsmóts UMFÍ 50 + árið 2016. Sambandsaðilar þurfa samþykki þess sveitarfélags þar sem mótið skal haldið.

UMFÍ boðar til ungmennaráðstefnu á Ísafirði dagana 9-11. apríl.

Gengið hefur verið frá samningi um að eignarhald á safnahúsi færist til Fljótsdalshéraðs og samningar um afnot og leigu gerðir við Héraðsskjalasafn og Minjasafn.

Oddviti sat fund á Egilsstöðum 7.febrúar þar sem rætt var um innanlandsflug. Sama dag kynnti innanríkisráðherra forsvarsmönnum sveitarfélaga á Austurlandi frumvörp sem lögð hafa verið fram um breytingar á umdæmum sýslumanna og lögreglustjóra.

Oddviti sat aðalfund Dvalarheimilis aldraðra á Egilsstöðum 27.02

Sveitarstjórnarmenn (aðrir en Anna Jóna sem var forfölluð) sátu kynningarfund á Hallormsstað , 27.febrúar, um tillögur vinnuhóps á skipulagi skólastarfs

Þá sat oddviti kynningarfund Skipulagsstofnunar um lýsingu á Landsskipulagsstefnu , fundurinn var haldinn á Egilsstöðum 3. Mars.

Oddviti hefur staðfest aðild Fljótsdalshrepps að Rammasamningum ríkisins á árinu 2014.

Mikið ójafnvægi var á rafmagnsspennu í Fljótsdal aðfararnótt 8. febrúar. Afleiðingar af því voru m.a. þær að nýtt fjölnotatæki á skrifstofu Fljótsdalshrepps skemmdist.

Landsvirkjun hefur sent Fljótsdalshreppi skýrsluna LV-2014-021 Breytingar á grunnvatns-og jarðvatnsborði á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar.

Gögn sem liggja frammi til kynningar: Ársreikningur Dvalarheimilis aldraðra 2013

2. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030.

Tillagan hefur verið til umsagnar hjá lögbundnum umsagnaraðilum frá 10.02 2014. Óskað var umsagna frá 13 aðilum. Skilafrestur umsagna var til og með 04.03 2014. 6 aðilar hafa skilað inn umsögnum og vitað um að fleiri eru væntanlegar.

Skipulagsráðgjafi hefur yfirfarið umsagnirnar og gert tillögu til sveitarstjórnar um á hvern hátt verði brugðist við, en að mestu er þar um að ræða leiðréttingar og samræmingaratriði í skipulagsgögnunum og einhverjir umsagnaraðilar gera engar athugasemdir. Landsnet mótmælir þeirri fyrirætlan sveitarstjórnar að fresta skipulagi á lagnaleið Kröflulínu 3 í Fljótsdal og telur að með því séu áform Landsnets um lagningu Kröflulínu 3 sett í uppnám. Fljótsdalshreppur hefur sótt formlega um leyfi ráðherra til að fresta skipulagi á umræddu svæði. Svar hefur ekki enn borist, en afrit af umsögn Skipulagsstofnunar til ráðherra liggur fyrir, þar sem fram kemur að

stofnunin telur ekki tímabært að skipulaginu verði frestað á umræddu svæði, sveitarstjórn setji fram skýra stefnu eða nýti skipulagsferlið til að afla upplýsinga og vinna með mögulegar tillögur í samráði við hagsmunaaðila.

Sveitarstjórn samþykkir að fallið verði frá frestun á skipulagi á lagnaleið Kröflulínu 3

Sveitarstjórn leggur til að gert verði ráð fyrir lagnaleið fyrir Kröflulínu 3 í nágrenni við Kröflulínu 2. Gengið er út frá að Landsnet vinni með Fljótsdalshreppi í því að ná ásættanlegri niðurstöðu um tilhögun línulagnar áður en hún kemst á framkvæmdastig.“ Með tilhögun línulagna er vísað til vinnu við mat á umhverfisáhrifum þar sem allir kostir verði skoðaðir.

Samþykkt tillaga skipulagsráðgjafa um viðbrögð við umsögnum sem borist hafa og að skipulagsgögn verði uppfærð samkvæmt þeim.

Ókomnar umsagnir frá lögbundnum umsagnaraðilum verða teknar til afgreiðslu með öðrum athugasemdum/umsögnum sem berast innan almenns auglýsingatíma skipulagstillögunnar.

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014 -2030 verði auglýst svo breytt skv. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Steingrímur mætti til fundar kl 15.00. Samþykkt að breyta röð dagskrárliða.

3. Óbyggðasafnið

Steingrímur sagði frá nafnabreytingu á Óbyggðasafninu , heitir það nú Óbyggðasetur, þá hefur einnig verið stofnað sérstakt félag um rekstur safnsins . Forsvarsmenn safnsins eru í samstarfi við ýmsa aðila s.s. Listaháskólann um hönnun. Nokkuð hefur verið unnið í vetur við húsnæðið, en Steingrímur sagði að af opnun safnsins yrði ekki fyrr en sumarið 2015.

Steingrími þökkuð koman og fór hann af fundi kl 16.15.

Drög að þjónustusamningi Fljótsdalshrepps við safnið kynnt og verða afgreidd á næsta sveitarstjórnarfundi.

4. Samþykkt fyrir Byggingar-og skipulagsnefnd, önnur umræða. Drögin samþykkt og oddvita falið að senda þau til Umhverfis-og auðlindaráðuneytis til staðfestingar. Að fenginni staðfestingu ráðuneytis, verður samþykktin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. Skólamál

- a) Skipulag skólstarfs á Hallormsstað /greinagerð starfshóps. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju með vinnu starfshópsins og samþykkir að unnið verði út frá því sem fram kemur í tillögunum varðandi framhald skólstarfs í Hallormsstaðaskóla.
- b) Fundargerð kynningarfundar 27.02. Tillögur vinnuhópsins voru kynntar foreldrum, nemendum, starfsfólki og sveitarstjórnnum á fundi á Hallormsstað 27. febrúar sl. Fundargerð lögð fram til kynningar.

Anna Jóna Árnarsdóttir fór af fundi kl 17.00.

6. Tillögur að breytingum á samþykktum SSA. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirleggjandi tillögur.
7. Félagsþjónusta. Svarbréf Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs til Öryrkjabandalags Íslands, kynnt. Gjaldskrá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs vegna ferðaþjónustu fatlaðra, samþykkt. Reglur Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, samþykktar. Reglur um

sérstakar húsaleigubætur hjá Fljótsdalshéraði, samþykktar. Árs- og starfsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, kynnt.

8. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands.

- a) Samþykktir hafa verið undirritaðar af aðildarsveitarfélögum.
- b) Tilnefningar í stjórn Atvinnuþróunarsjóðs fram að aðalfundi SSA, þar sem ný stjórn verður kosin. Samþykkt að tilnefna oddvita sem fulltrúa sveitarfélagsins og til vara varaoddvita.

9. Bréf

- a) Ívar Ingimarsson, Hafliði Hafliðason, Hilmar Gunnlaugsson dags. 06.02. Varðar „Þokustíga“ á Austurlandi. Samþykkt að skoða samstarf, en vandséð hvernig því verður hagað þar sem sjaldan er þoka í Fljótsdal.
- b) EBÍ Brunabót dags. 04.02. Umsóknarfrestur til umsókna í Styrktarsjóð EBÍ er til loka aprílmánaðar.
- c) Fljótsdalshérað dags. 06.02. Varðar afmörkun náttúruminjasvæðis 618, Ranaskógur og Gilsárgil, kynnt.
- d) Ríkisendurskoðun dags. 30.01. Varðar skil á ársreikningi Landbótasjóðs 2013, kynnt.
- e) ÚÍA, tölvupóstur 25.02. Varðar framkvæmd hjólreiðakeppnina Tour de Ormurinn 2014. Fyrirhugað er að breyta staðsetningu rásmarks, að það verði flutt frá Hallormsstað í Egilsstaði, til reynslu. Ekki tekin afstaða til þeirra hugmynda og afstaða til styrkbeiðni verður tekin þegar hún berst.
- f) Vatnajökulsþjóðgarður, þjóðgarðsvörður Austursvæðis 24.01. Varðar upplýsingamiðstöð í Möðrudal. Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til málsins að svo stöddu.

10. Fundargerðir.

- a) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 21.02 og 04.03. Kynntar.
- b) Minjasafn Austurlands 07.02. Kynnt.
- c) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 11.02. Kynnt.
- d) Aukaaðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 30.01. Kynnt.
- e) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 23.01. Kynnt.

11. Önnur mál.

- a) Oddviti sagði frá því að verið væri að safna undirritunum landeigenda/ umráðamanna á erindi til ráðherra er varðaði ósk um að mörk á náttúruminjasvæði 618 verði færð til fyrri afmörkunar. Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshérað eru málshefjendur og landeigendur/umráðamenn rita undir til samþykkis fyrir þær jarðir sem málið varðar.
- b) Sveitarstjórn hyggst ekki tilnefna aðila í fagráð Austurbrúar að þessu sinni, en erindi þess efnis barst Fljótsdalshreppi stuttu fyrir fundinn.
- c) Sveitarfélaginu hefur borist fyrirspurn um kaup á einni vinnubúðaeiningu, sem staðsett er á Bessastöðum. Til greina kemur að selja eininguna ef semst um verð.

- d) Fljótsdalshérað og Fljótsdalshreppur hafa undirritað eignaskiptayfirlýsingu vegna Hallormsstaðaskóla. Íbúðir eru gerðar að séreignum og skólahúsnæði ásamt íþróttahúsi og sundlaug séreign. Málið fór af stað fyrir nokkrum árum að tilstuðlan ríkisins vegna eignahluta ríkisins í skólahúsnæði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.15. Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)